

**From:** Slökkvilið Norðurþings <nordurthing@eldvarnaeftirlit.is>  
**Sent:** þriðjudagur, 14. september 2021 10:13  
**To:** Gaukur Hjartarson <gaukur@nordurthing.is>  
**Subject:** Vegna máls nr 21-5575 - Höfði 10 :

Sæll Gaukur

Eldvarnareftirlitið hefur yfirfarið breyttar teikningar frá 09.09.2021 unnum af Faglausn þar sem fram kemur breytt staðsetning mannvirkisins 08 0101.

Fallist er á breytinguna þar sem fjarlægðir á milli mannvirkja er orðnar nægjanlegar.

Hins vegar leggst eftirlitið gegn því að veitt verði heimild til gistingar í mannvirkinu 09 0101 eins og óskað er eftir.

Samkvæmt deiliskipulagi er svæðið skilgreint sem iðnaðarsvæði og í þeim mannvirkjum sem byggja slík svæði er ekki ætlast til að gisting sé heimiluð.

Eldvarnareftirlitið leggst alfarið gegn því að veitt verði heimild fyrir gistingu í mannvirkinu.

Hafa skal í huga að fordæmið sem skapað yrði með slíku leyfi mun valda sveitarfélaginu miklum vanda og setja það í þá stöðu að ekki yrði hægt að neita öðrum eigendum mannvirkja á svæðinu að gera slíkt hið sama.

Vinsamlegast hafið málsnúmer í efni (Subject) þegar tölvupóstinum er svarað

Grímur Kárason

Slökkvilið Norðurþings

Ketilsbraut 7-9, 640 Norðurþing

694-6630